



Til bæjarráðs

Kópavogi, 29. apríl 2024
24032667/005.05 ABS

Fyrirspurn bæjarfulltrúa á fundi bæjarráðs 21. mars, um fjölda barna, 12 mánaða og eldri, á biðlista eftir leikskóla í Kópavogi.

Úthlutun í leikskóla fyrir komandi skólaár stendur yfir. Í fyrstu lotu úthlutunar fengu börn fædd árið 2022 og fyrr send úthlutunarbréf. Úrvinnsla miðaðist við umsóknir sem höfðu borist fyrir 11. mars. Önnur lota innritunar stendur yfir þar sem verið er að senda úthlutunarbréf til foreldra barna sem fædd eru í janúar, febrúar og mars 2023.

Nú þegar hafa foreldrar fengið send úthlutunarbréf vegna barna sem fædd eru í janúar og febrúar 2023. Börnum sem fædd eru í mars 2023 hefur þegar verið boðin leikskóladvöl eða eiga von á bréfi á næstu dögum.

Auk þess er unnið úr forgangs- og flutningsumsóknum, sem og þeim umsóknum sem borist hafa eftir 11. mars.

Þegar ofangreindu úthlutunarferli er lokið kemur í ljós hversu mörg pláss eru laus í hverjum leikskóla til viðbótar og verða þá ákvarðanir teknar og upplýsingar gefnar um frekari framvindu innritunar í leikskóla fyrir komandi skólaár.

Sem stendur eru 40 börn fædd í apríl 2023 á biðlista eftir leikskóladvöl. Óvíst er hversu stór hluti þeirra fær úthlutun í vor.

Staða á biðlista leikskóla breytist dag frá degi. Nánari upplýsingar um innritun barna á leikskóla verða kynntar bæjarráði í lok maí.

Biðlisti barna sem fædd eru í apríl til júlí 2023

Fæðingarár	Fæðingarmán	Fjöldi barna
2023	júlí	25
2023	júní	34
2023	maí	35
2023	apríl	40
Samtals		134

Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Sigurlaug Bjarnadóttir
Deildarstjóri leikskóladeildar

